

# Lög

## um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík.

### 1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að stofna opinbert hlutafélag sem hefur það að markmiði að standa að nauðsynlegum undirbúningi og láta bjóða út byggingu nýs Landspítala, háskólasjúkrahúss við Hringbraut í Reykjavík, og að semja um að ríkið taki bygginguna á langtímaleigu að loknu útboði. Fyrir undirritun samninga að loknu útboði skal leita samþykkis Alþingis með almennum lögum.

Fjármálaráðherra er heimilt í þessu skyni að leggja félaginu til hluta þeirra lóðarréttinda sem spítalinn hefur yfir að ráða við Hringbraut undir bygginguna.

Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

### 2. gr.

Tilgangur félagsins er að standa að undirbúningi og útboði á byggingu nýs Landspítala, háskólasjúkrahúss við Hringbraut í Reykjavík, með það að markmiði að ríkið taki bygginguna á langtímaleigu þegar byggingaverktaki hefur lokið umsömdu verki.

Félaginu skal vera heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmasta hátt. Tilgangi félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess.

Stjórn félagsins skal eins og unnt er vinna að verkefnum skv. 1. mgr. í samráði og samvinnu við helstu hagsmunaaðila verkefnisins.

### 3. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert.

Framkvæmdastjóri skal hafa haldgóða menntun eða reynslu af sambærilegum verkefnum.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um fjármálafyrirtæki, hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða gjaldþrotaskipti o.fl.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga verulegra hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.

2

4. gr.

Hlutfé félagsins við stofnun þess skal vera 20 milljónir króna og greiðast úr ríkissjóði.

5. gr.

Félagið skal hefja rekstur 1. júlí 2010. Upplýsingalög, nr. 50/1996, gilda um starfsemi félagsins.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 11. júní 2010.*